



## Skútustaðahreppur

### Skólanefnd

12. fundur

14. nóvember 2016

Kl. 14:00-15:30

**Mætt:** Arnar Halldórsson (vék af fundi eftir 9.lið), Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir formaður, Þórhalla Bergey Jónsdóttir varamaður í fjarveru Þuríðar Helgadóttur og Þuríður Pétursdóttir. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla, Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara og Hulda Björk Marteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. **Fjárhagsáætlun 2017.** Formaður skólanefndar, skólastjóri og leikskólastjóri funda með sveitarstjóra í þessari viku vegna fjárhagsáætlunar. Fyrri umræða sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun mun fara fram 23. nóvember og síðari umræða 14. desember. Skólanefnd fær fjárhagsáætlun til rýni á milli umræðna.
3. **Skólar undir sama þaki.** Almenn ánægja er hjá starfsmönnum leik- og grunnskóla og börnin farin að venjast breytingunum. Leikskólabörn borða ekki lengur í sal, heldur í stofu 2, sem er hagur að allra mati. Stöðuhlutfall í eldhúsi hefur verið aukið sem nemur hálfri klukkustund á dag vegna kaffitíma leikskólans.
4. **Skólalóðir.** Vinna við leikskólalóð hefur dregist úr hófi. Samræmingarfundur var haldinn á skrifstofu hreppsins með stjórnendum allra eininga hreppsins sem að málinu koma, oddvita, formanni skólanefndar, fulltrúum foreldra og verk tökum sem að málinu koma. Skólanefnd telur óásættanlegt með tilliti til öryggis- og velferðasjónarmiða að framkvæmdir hafi dregist svo sem raun ber vitni og lýsir yfir áhyggjum að ekki náist að ljúka tilteknum áföngum fyrir snjó. Í kjölfar góðs samræmingarfundar eru boðleiðir nú skýrar og munu skólastjórar samkvæmt þeim leiðum þrýsta enn frekar á að mál gangi eftir.
5. **Leikskólinn Ylur-staðan.** 2 börn hætta um næstu mánaðarmót vegna brottflutnings, einn starfsmaður hættir um næstu áramót. Áhersla hefur verið á málörvun barna, leikskólastjóri fór á námskeið í Trasmálþroskaskráningu fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. Danskennsla var í boði fyrir 4 og 5 ára börn eina viku í október. Leikskólinn Ylur fagnaði 40 ára afmæli 2. nóvember síðastliðinn. Af því tilefni færðu tvennir foreldrar leikskólanum gjafir, málörvunarbók og smáforrit til aukningar orðaforða. Námskrárvinna hefur setið á hakanum vegna annarra anna, en nú hefur verið lögð inn beiðni um faglega aðstoð við þá vinnu og þar með fyrirsjáanlegt að vinnunni ljúki á þessu skólaári og er því fagnað af skólanefnd.
6. **Ytra mat á leikskólanum Yl.** Menntamálastofnun framkvæmir ytra mat á leikskólum og hefur Skútustaðahreppur sótt um slíkt fyrir hönd Leikskólans Yls.
7. **Tónlistarskólinn.** 19 nemendur eru í tónlistarskólanum, eingöngu nemendur grunnskólans. Eftirspurn er eftir meiri kennslu, bæði til grunnskólabarna, leikskólabarna og fullorðinna. Ekki er hægt að verða við því á þessari stundu en einhver möguleiki á breytingum eftir áramót. Einir tónleikar hafa verið haldnir og aðrir á dagskrá fyrir áramót. Í skoðun er aðkoma tónlistarkennara að starfi í leikskóla þá daga sem skólastarf í grunnskóla er óhefðbundið.
8. **Reykjahlíðarskóli.** Árshátíðin tókst vel. Ragnheiður Jóna Grétarsdóttir er í veikindaleyfi og á leið í fæðingarorlof, Edda Stefánsdóttir var ráðin í hennar stað í 50% stöðu. Samstarf hefur verið við Þingeyjarskóla og stefnt að því að nemendur í 9. og 10. bekk hittist a.m.k. þrisvar sinnum yfir veturinn. Í lok nóvember verður átak gert í vinnu skólanámskrár og sér þar með fyrir endann á þeirri vinnu.
9. **Breytingar á lögum um grunnskóla, nr. 76/2016.** Breyting með gr. 33a er að nú er orðið að skyldu sveitarfélaga að bjóða starfsemi frístundaheimila fyrir yngri bekki, með heimild til gjaldtöku. Undanfarið hefur vísir að slíku verið með „Íþróttaskóla“ í samstarfi við Mývetning, í boði fyrir alla

nemendur. Með rekstri frístundaheimilis þar sem allir nemendur tækju þátt væru allir í skólanum til kl. 15:10. Það myndi spara skólaakstur, með einni heimferð alla daga. Þó verður að hafa í huga að ekki er gefið að allar fjölskyldur vildu nýta þessa þjónustu, sem þá myndi krefjast sama aksturs og nú er. Skólastjóri leggur áherslu á að við rekstur frístundaheimilis yrði boðið upp á starf sem ekki tengist námi beint, heldur væri áhersla á metnaðarfullt starf með blöndu af leik, íþróttum og listum. Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar um málið þyrfti að kanna hug foreldra allra barna í sveitarfélaginu á aldrinum 0-9 ára.

10. **Námsferð starfsmanna Reykjahlíðarskóla.** Í júní 2017 stefna starfsmenn Reykjahlíðarskóla á 5 daga námsferð til Alicante á Spáni. Á dagskrá er námskeið í kennsluaðferðinni „Það er leikur að læra fyrir 2-12 ára“ og skólaheimsóknir. Kostnaður verður alfarið greiddur af starfsmenntasjóðum og starfsmönnum sjálfum. Skólanefnd lýsir ánægju með þetta verkefni.
11. **Fyrirspurn Mennta- og menningarmálaráðuneytis um sundkennslu í Reykjahlíðarskóla.** Fyrirspurninni var svarað og hefur ráðuneytið í kjölfarið staðfest að lögboðin kennsluskylda í sundi við Reykjahlíðarskóla sé uppfyllt.
12. **Önnur mál.**
  - a. **Fastir fundartímar skólanefndar.** Ákveðið að fundir skólanefndar verði framvegis reglubundir og haldnir fyrsta fimmtudag í mánuði klukkan 15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:30.